

Fundargerðabók. Sameiginlegir fundir stjórnar  
Félags matvörukaupmanna og Félags kjötverslana  
11. maí 1987 til 29. júní 1987

---

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag matvörukaupmanna – Félag kjötverslana –  
Almennur félagsfundur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[borgarskjalasafn.is](http://borgarskjalasafn.is)

Einkaskjalasafn nr. 316  
Flokkur A - Fundargerðir  
Askja A-10

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



# CHALLENGE

Sameiginlegir fundir

Félag matvörukaupmanna


Félag kjötverslana.

B. Geymit þar til þoll  
máttu er fullskipt.

1987.

## RULED FEINT A4

PRODUCT NO. 6 8700 6



## CHALLENGE

Since the turn of the century the name Challenge has been synonymous with all that's best in commercial stationery. Each product is made by craftsmen to the highest standards, using only top quality materials.

This Challenge book is one of a wide variety of products for shop and office, factory and workshop. The range includes Duplicate and Triplicate Books with faint ruling and also printed headings—Invoice, Order, Delivery, Statement, Cash Receipt, Manuscript, Analysis and Account Books; Rent, Surveyors, Wages and Visitors Books.

Spiral Note Books, Filing Supplies, Ring Binders and other PVC products are also found in the range.

A4 297 mm x 210 mm (11 $\frac{3}{4}$  x 8 $\frac{1}{4}$ )

**DRG**  
STATIONERY

MADE IN GREAT BRITAIN

Fundur. 11. Maí 1987 -

Samgöngulega fundur haldinn í Hlísi Vestlúna  
hl. 13<sup>30</sup> Ingólfróinn Halldórsson seti fundar  
og stjóri bankans;

Fundurinn er miðgættur fastlomasamningur.  
sem Miðmannaástandi <sup>bandi</sup> ~~á~~ höfuð gætt.  
niðr samdættur fél. Vestlúna banka og Vestlúna banka-  
félag. Reikjanek.

Fundurinn hefur málk. Mörquís E. Friðsson  
talað um miðstöðingur, at þessum samningi  
því fundaröðum, þat sem talat er miðgætt  
í þessum fastlomasamningi er at í átt efri og  
neðri álag. niðr at doðum tvað kaup.  
á belist 1% álag í greiðslu þess og þat  
er í breytingu lína. þa þat um  
samningi gilda frá 1. Apríl síðar hliðin  
heftu þat niðr talat stjóri bankans og  
málin vonu. Hliðin niðr at um  
um samninginn, fund. mörquís at um  
neðri álag. launabókun vonu at ræða.  
frá því sem var í Desember 1986. Mörquís E. Friðsson  
þvætti því til at kaupum gætt efri konist  
líji því at þessa laun kaupur því sem gilda  
í markaðnum flegra efri til þess fundar.

Pharmazie  
Bakkeri Eyring  
Eyring

Fundur 27/5 87.

Stjórnfundur haldinn í Húsi Vestlunnar  
Ld. 10. fundarfundur. Vitðal stjórn F.M. og K.V.  
mit ljólkenssalun 9% vaxandi utskiftislagi  
í fundinum, sí breyting er fyrirlitun at  
í at fyrirframingrettan eins og mi er  
nasta tekni upp givið séla, sem gættist  
17 dögum eftir upplöfsdag. iðlektu og  
fundari 4 dögum síðal amas rættu stítt  
utkersta í mjólk til utkomandi, nema gægn  
stítt gættist.

Einig kom til umræðu þess umræðna  
lagsetu mit afgættist og dreifing  
í mjólk-róm allur. Slepið til fundar  
fundar stítt

Baldur Eyrsson.  
Pj. P. Ólafsson

*[Handwritten signatures]*  
Pj. P. Ólafsson  
Eyrsson

29 Júní 1987.

Samgöngu- og félagsfundur í felagi Malvorkaupmanna  
og félags Kjötvæðslu haldinn í húskjúpum K.I.

Formaður félags Kjötvæðslu Jóhanna fór  
letti fundin og bauð menn velkomna. Samfundur þess  
fann tillopu þess efni at Guanna Eyrsson ysti fundarstjórn  
og Daniel Björnsson ysti fundarstjórn og var það  
samþykkt harkjóð og tók fundarstjórn við stjórn  
fundarinn og stjórnin frá einni máttun sem lí fyrir  
fundarinn inniheldur 10% hlutskatt.  
Síðar gaf hann fyrirmalanda Magnus E. Finnsson  
framst. K.I. Orðid.

Magnus E. Finnsson stóð fyrir fundarstjórn  
fyrir hugaðum 10% hlutskatt í máttun einn og  
kom fram í fjáttabroti sem dröft var í fundarstjórn.  
og kaupmanna hófi rétt til í þess.

Þá gat hann þess einnig at segja hafi rétt at  
fá einhvern af þeim sem land. Þess segluger  
í fundarinn og þess máttun hafi það stítt hafi  
samfundur hafi það rétt segja at fá þess frett  
og eftaust þá hafi það rétt hafi at það hafi  
mátt hafi í at kaupmann hafi hann.

Þá kom einnig fram í máttun hafi at fylgt hafi  
rétt með þess máttun frá upplöfi og síðal  
allal at fá 700 milþoni í þess í einn og 298 smáþoni  
í þess einn.

Þá kom einnig fram at vörulagning er stítt máttun hafi  
og gæta kaupmann máttun þá at hafi til útræðing  
hlutskatt. Þess þess máttun hafi at þess máttun hafi  
tvo hafi at þess in hafi einn og einn  
Máttun þess voru einn kjótvæðslu, mjólk, hafi og þess  
arastur einn og komu fram í fjáttabroti sem hafi einn  
í máttun hafi.



# FRÉTTABRÉF

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS

HÚSI VERSLUNARINNAR - Sími: 687811

Kaupmannasamtök Íslands  
Húsi verslunarinnar  
103 REYKJAVÍK.  
sími: 687811.

Fréttabréf 2.  
23. árgangur.  
Júlí 1987.

\*\*\*\*\*  
\* S É R S T A K U R \*  
\* S Ö L U S K A T T U R \*  
\*\*\*\*\*

Ágæti félagi.

## FJÁRHÆÐ SKATTSSINS

Eins og kaupmönnum er kunnugt um, hefur hin nýja ríkisstjórn ákveðið að leggja á sérstakan söluskatt á matvörur, sem nemur 10%. Er ætlunin að ríkissjóður fái af þessari innheimtu matvörukaupmanna 290 milljónir þá 5 mánuði sem eftir eru af árinu, en 700 milljónir á næsta ári. Það er því ekki litið fé sem matvörukaupmönnum er falið að innheimta, - launalaust sem fyrr.

Raunar munu kaupmenn verða skattlagðir sjálfir, því samkvæmt hinum nýju lögum, ber kaupmönnum að greiða 10% skatt á þá bókhaldsvinnu, sem fer í að útbúa söluskattsskýrsluna. Þykir mörgum þetta næsta ótrúlegt, en fjármálaráðuneytið hefur staðfest við Kaupmannasamtökin að þetta verði gert. Án efa mun þetta ýta á eftir kröfum kaupmanna um að söluskattssinnheimtan verði í framtíðinni launuð eins og önnur störf sem unnin eru í þjóðfélaginu.

## GILDIS TAKA

Framkvæmd reglugerðarinnar um SÉRSTAKAN SÖLUSKATT tekur gildi 1. ágúst n.k. Það eru því aðeins örfáir dagar til stefnu. Kaupmannasamtökin hefðu gjarnan viljað kynna þessar reglur fyrir kaupmönnum tímanlega, en það hefur ekki verið unnt, því fjármálaráðuneytið var ekki tilbúið með reglugerðina fyrr en seint á mánudag 27. júlí.

## FRESTUN Á FRAMKVÆMD ?

Þá er rétt að geta þess að Kaupmannasamtökin hafa itrekað reynt að fá frestun á framkvæmdinni, enda er það ljóst að um verslunarmannahelgi hefði orðið erfitt að gera vörutalningu, ef hennar hefði verið krafist. Hinsvegar er framundan vinna við verðmerkingar sem verður mikil hjá flestum. Kaupmannasamtökin áttu samstarf við Fjármálaráðuneytið við breytingar þessar og sendu frá sér vörulista, sem ráðuneytið hafði til hliðsjónar, og mun sú vinna verða til þess að fækka vafamálum og alls konar jaðartilfellum, sem ella var hætta á að kæmu upp.



- 2 -

En lítum aðeins á það sem framundan er:

## FRAMKVÆMD

Eins og fyrr segir verður innheimtur 10% söluskattur af ýmsum matvörum, sem áður voru ekki skattskyldar. Eins og kaupmönnum er kunnugt um, hafa gilt reglur um þrjár uppgjörsaðferðir söluskatts samkvæmt reglugerð frá 1982. Þessum aðferðum hefur nú verið breytt í hinni nýju reglugerð eða þeim breytingum, sem orðið hafa á reglugerðinni frá 1982. Í "REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð um söluskatt nr. 486/1982 með áorðnum breytingum", sem Jón Baldvin Hannibalsson fjármálaráðherra og Lárus Ögmundsson undirrituðu 27. júlí segir s v o orðrétt:

"Söluskattsskyldir aðilar skulu annað hvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er fara skal á söluskattsskýrslu eða fara þær í sérstaka undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megi einstakar fjárhæðir á söluskattsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt, bæði að því er varðar skiptingu heildarveltu og frádráttar. Þeim smásöluverslunum sem ekki hafa aðstöðu til að halda söluskattsskyldri og söluskattsfrjálsri sölu aðgreindri á sölustigi er heimilt að miða söluskattsuppgjör sitt við heildarveltu og reiknað útsöluverð keyptra vara á hverju uppgjörstímabili án tillits til birgða í byrjun eða við lok hvers tímabils, eftir því sem nánar er ákveðið í þessari grein, enda sé innkaupum á skattfrjálssum og skattskyldum vörum haldið aðgreindum í bókhaldi, sbr. 2. og 3. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar. Heimilt er að velja milli eftirtalinnna uppgjörsaðferða:

1. Útsöluverð hinna keyptu vara skal reiknað á hverjum einstökum innkaupareikningi og fært sérstaklega í bókhald og flokkað í þrennt, þ.e. á milli söluskattsfrjálsra vara, söluskattsskyldra vara og vara sem bera sérstakan söluskatt. Við söluskattsskil fyrir hvert uppgjörstímabil skal útsöluverð keyptra vara í hverjum flokki fyrir sig reiknað saman. Heildarveltu á hverju uppgjörstímabili skal síðan skipt í þrennt, þ.e. á milli söluskattsfrjálsra vara, söluskattsskyldra vara og vara sem bera sérstakan söluskatt, í sömu hlutföllum og eru á milli reiknaðs útsöluverðs innkaupanna á tímabilinu. Til frádráttar heildarveltu á söluskattsskýrslu færast það hlutfall heildarveltunnar sem svarar til hlutfalls útsöluverðs keyptra söluskattsfrjálsra vara á tímabilinu. Söluskattsskyld velta skiptist síðan milli sölu sem söluskattsskyld er samkvæmt lögum númer 10/1960 og gjaldskyldrar sölu sérstaks söluskatts samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 68/1987 í sömu hlutföllum og er á milli reiknaðs útsöluverðs innkaupanna á tímabilinu. Við skil síðasta mánaðar hvers árs skal fara fram afstemming á heildarsöluskattsskilum liðins árs. Útsöluverð keyptra vara í hverjum flokki skal reiknað

saman fyrir öll tímabilin og hlutföll heildarveltu ársins reiknuð í samræmi við það. Skil á söluskatti og sérstökum söluskatti fyrir síðasta mánuð ársins skulu miðast við söluskattskylda veltu ársins og gjaldskylda ársveltu sérstaks söluskatts að frádreginni þeirri veltu sem söluskatti og sérstökum söluskatti hefur þegar verið skilað af á árinu.

ADFERD 11

2. Útsöluverð keyptra söluskattsfrjálsra vara skal reiknað á hverjum einstökum innkaupareikningi og fært sérstaklega í bókhald. Við skil á söluskatti og sérstökum söluskatti fyrir hvert uppgjörstímabil skal útsöluverð keyptra söluskattsfrjálsra vara reiknað saman og fært til frádráttar frá heildarveltu á söluskattsskýrslu tímabilsins að frádreginni lágmarks rýrnun. Reiknuðum mismun skal síðan skipt milli söluskattsskyldrar veltu og gjaldskyldrar veltu sérstaks söluskatts þannig að útsöluverð keyptra vara samkvæmt öðrum hvorum þessara flokka skal reiknað og dregið frá mismun heildarveltu og frádráttar vegna söluskattsfrjálsra vara til að finna gjaldstofn hins.

ADFERD 111

3. Útsöluverð keyptra vara, annars vegar sem söluskattsskyldar eru samkvæmt lögum nr. 10/1960 og hinsvegar vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt ákvæðum um sérstakan söluskatt í II. kafla laga nr. 68/1987, skal reiknað á hverjum einstökum innkaupareikningi og fært sérstaklega í bókhald. Við skil á söluskatti og sérstökum söluskatti fyrir hvert uppgjörstímabil skal útsöluverð keyptra söluskattsskyldra vara og vara sem bera sérstakan söluskatt reiknað hvort fyrir sig og fært á söluskattsskýrslu að frádreginni sannanlegri rýrnun. Samtala framangreindra tveggja flokka skal síðan dregin frá heildarveltu viðkomandi tímabils og mismunurinn færður á söluskattsskýrslu sem frádráttur frá heildarveltu."

Þetta eru sem sé þær þrjár aðferðir sem velja má á milli, nákvæmlega eins og ráðuneytið lýsir þeim. Alltaf skal fylgja sömu aðferð og valin hefur verið í upphafi. Skattstjóri getur þó heimilað að verslun breyti um uppgjörsaðferð, verði um það sótt vegna breytinga á rekstri eða aðstöðu.

RÁVIK

Ennfremur segir svo í reglugerðinni:  
"Í stað þess að reikna og færa útsöluverð á hverjum innkaupareikningi er heimilt að sundurliða innkaupin á hverju uppgjörstímabili í álagningarflokkum og reikna síðan saman útsöluverð innkaupa skv. 2. mgr. þessarar greinar eftir þeirri sundurliðun. Í stað þess að sundurliða innkaupin og færa útsöluverð þeirra í aðalbókhaldi er ennfremur heimilt að færa þau í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu.

Þeir aðilar sem jöfnum höndum framleiða og selja til neytenda bæði söluskattsskyldar vörur, vörur sem bera sérstakan söluskatt og söluskattsfrjálsar vörur og ekki geta

haldið sölnni aðgreindri á sölustigi skulu reikna og færa útsöluverð hinna keyptu eða framleiddu vara á þann hátt sem segir í 2. eða 4. mgr.

Fyrir gjalddaga hvers uppgjörstímabils skal stemma af og skrá niðurstöður þeirra reikninga, bóka eða yfirlita sem færslur á söluskattsskýrslu byggjast á. Ávallt skal vera hægt að rekja einstakar fjárhæðir í uppgjörsögnum til þeirra færslna sem á er byggt í aðalbókhaldi".

UNDAN-  
ÞÁGUR:

Í 3. gr. reglugerðarinnar segir að greiða skuli sérstakan söluskatt af allri matvöru annarri en þeirri sem um getur í 2. mgr.

Undanþágurnar eru þessar:

a) Kjötvara: Nýtt, frosið, reykt, sýrt og saltað kjöt. Sama á við um niðurskorið, kryddlegið (einnig í brauðraspi), úrbeinað og hakkað kjöt, kjötálegg sem ekki er niðursoðið, kjötfars, pylsur, bjúgu, svið, sviðasultu, hrúts-punga og ótilreitt sem og tilreitt slátur. Kjöt sem hlotið hefur vinnslumeðferð umfram það sem að framan greinir er skattskyld.

b) Fiskur: Nýr fiskur, þ.m.t. vatnafiskur, humar, rækja og skelfiskur, hvort sem hann er heill, flakaður, hakkaður, eða bútaður. Sama á við um saltaðan, siginn, frosinn, reyktan, grafinn, kryddleginn (einnig í brauðraspi) og kæstan fisk. Fiskur sem hlotið hefur einhverja vinnslu- eða geymslumeðferð umfram það sem að ofan greinir er hinsvegar skattskyldur.

c) Mjólkurvörur: Nýmjólk, G-mjólk, léttmjólk, rjómi, sýrður rjómi, kaffi- og þeytirjómi, skyr (hreint sem blandað), sýrð mjólk, jógúrt (hreint sem blönduð), mysa, undanrenna og smjör. Allir ostar, þar með talin kotasæla.

d) Ávextir og grænmeti: Nýjir ávextir, nýtt grænmeti og garðávextir sem ekki hafa fengið neina vinnslumeðferð aðra en þvott og þökkun í smásöluumbúðir, eru undanþegin sérstökum söluskatti.

e) Egg eru undanþegin sérstökum söluskatti.

f) Smjörliki er undanþegið sérstökum söluskatti.

g) Matvara, sem er söluskattskyld sbr. 2. mgr. 2. tl. 13. gr. reglugerðar um söluskatt nr. 486/1982 með síðari breytingum.

h) Matvara sem seld er úr landi.

Með kveðju  
skrifstofa KÍ.

Maðurin hefur það verið algerri einstaklingurinn minn  
Vorsluna fólki og hefur þannan hlatt í um þessi  
manadar mið þar sem fíndogur verslunar manna  
er fjölm: Viki. Hógar manadomin





